



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

föstudagur, 14. desember, 2012

Ákvörðun nr. 33/2012

Lóðrétt samráð SORPU bs., Metans hf., N1 hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun smásöluverðs á metangasi

I.

Upphaf máls og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar hvort samningur á milli N1 hf. (hér eftir N1), SORPU bs. (hér eftir Sorpa), Metan hf. (hér eftir Metan) og Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir Orkuveitan) frá 23. febrúar 2007 um framleiðslu, flutning, dreifingu, sölu og markaðssetningu á metangasi brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með ákvörðun þessari telst málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins lokið.

Rétt er að greina stuttlega frá helstu málsatvikum, en upphaf málsins má rekja til fundar fulltrúa N1 með Samkeppniseftirlitinu þann 23. maí 2011. Á þeim fundi var eftirlitinu greint frá fyrrnefndum samningi og óskað eftir því að möguleg sekt fyrirtækisins vegna brota gegn samkeppnislögum á grundvelli samningsins yrði felld niður. Byggði beiðnin á 1. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 890/2005 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja. Á fundinum voru lögð fram ýmis gögn, t.a.m. samningurinn sjálfur, upplýsingar um sögu Metan og aðkomu N1 að samningnum ásamt staðfestingu á því að samningnum hefði verið sagt upp. Var beiðni N1 ítrekuð með bréfi félagsins til eftirlitsins síðar sama dag.

Þann 25. maí 2011 funduðu forsvarsmenn Metans með Samkeppniseftirlitinu vegna sama samnings. Kom m.a. fram á fundinum það mat fyrirtækisins að ákvæði í samningnum færu gegn samkeppnislögum og lýsti fyrirtækið yfir vilja sínum til samstarfs við eftirlitið í samræmi við fyrrnefndar reglur nr. 890/2005. Barst eftirlitinu skriflegt erindi þann 6. júní 2011, þar sem óskað var með formlegum hætti eftir niðurfellingu eða lækkun sektar á grundvelli reglnanna. Með erindinu fylgdi samningurinn auk ýmissa annarra gagna sem vörpuðu frekara ljósi á samstarfið og starfsemi Metans. Með bréfi Metans til Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. júní 2011, fylgdi jafnframt þó nokkur fjöldi gagna sem varðaði starfsemi félagsins.



Fundur Orkuveitu Reykjavíkur og Samkeppniseftirlitsins vegna samningsins fór fram þann 30. maí 2011. Varð niðurstaðan sú að Orkuveitan myndi senda Samkeppniseftirlitinu formlegt erindi um niðurfellingu eða lækkun sekta, ef hún teldi samninginn ganga gegn samkeppnislögum. Þann 1. júní barst Samkeppniseftirlitinu erindi Orkuveitu Reykjavíkur þar sem óskað var formlega eftir niðurfellingu sektar, sbr. 1. gr. reglna nr. 890/2005. Til vara var þess óskað að sektin yrði lækkuð skv. II. kafla sömu reglna, yrði ekki fallist á beiðni félagsins um niðurfellingu mögulegrar sektar. Með erindi Orkuveitunnar fylgdi afrit af samningi milli félaganna. Samkeppniseftirlitinu bárust engin frekari gögn frá Orkuveitunni fyrr en leitað var eftir því vorið 2012.

Að lokum komu fulltrúar Sorpu á fund Samkeppniseftirlitsins þann 31. maí 2011 vegna samningsins. Á fundinum var lögð fram bókun frá stjórnarfundum Sorpu þann 30. maí s.á., þar sem stjórn Sorpu samþykkti að vísa samningnum til hliðar í heild sinni. Þann 1. júní barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Sorpu, þar sem óskað var eftir því að viðræður á því stigi færu fram á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga, sem kveður á um að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að ljúka málum í samkomulagi við málsaðila með sátt. Meðfylgjandi erindinu var fyrrnefnd fundargerð stjórnar Sorpu auk samningsins. Þann 16. júní 2011 barst eftirlitinu bréf frá Sorpu, þar sem meðfylgjandi voru ýmis gögn sem tengdust samstarfinu og Sorpu sérstaklega.

Í samræmi við reglur nr. 890/2005 staðfesti Samkeppniseftirlitið móttöku framangreindra beiðna með bréfum, dags. 9. júní 2011. Tilkynnti eftirlitið að tekin yrði afstaða til þess hvort skilyrði fyrir niðurfellingu eða lækkun sekta væru uppfyllt í síðasta lagi í andmælaskjali eftirlitsins.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að N1 var fyrst félaganna til þess að óska með formlegum hætti eftir niðurfellingu eða lækkun á sekt á grundvelli reglna nr. 890/2005, en skriflegt erindi félagsins barst eftirlitinu þann 23. maí 2011. Samkeppniseftirlitinu barst erindi Orkuveitu Reykjavíkur sem var sama efnis, þann 1. júní 2011. Þar á eftir barst eftirlitinu sambærilegt erindi Metan, en Sorpa óskaði ekki eftir því að um mál þess færi eftir nefndum reglum. Á meðan rannsókn eftirlitsins stóð keypti Sorpa alla hluti í Metan og varð þar með eini eigandi félagsins. Vegna þessara breytinga á eignarhaldi Metans og óvissu um á hvaða grundvelli leyst yrði úr málinu af hálfu Metans, tafðist málsmeðferðin nokkuð. Í ljósi þess að Metan var orðið dótturfélag Sorpu ákváðu félögin að koma fram í sameiningu gagnvart Samkeppniseftirlitinu og lauk málinu með einni sátt gagnvart þeim.

Með sátt, dags. 3. maí 2012, gengust Sorpa og Metan við brotum á 10. gr. samkeppnislaga. Féllust félögin á að greiða stjórnvaldssekt og breyta starfsemi sinni í samræmi við skilyrði sem fram koma í sáttum aðila. Á meðan meðferð málsins stóð var N1 gerð grein fyrir því að félagið uppfyllti skilyrði um niðurfellingu sektar, þar sem skilyrði I. kafla reglna nr. 890/2005 væru uppfyllt.

Var þá einungis eftir að leysa úr þætti Orkuveitu Reykjavíkur í málinu. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 31. maí 2012, var Orkuveitunni veittur frestur til þess að gera grein fyrir því hvernig félagið hygðist uppfylla skilyrði II. kafla reglna nr. 890/2005



fyrir lækkun mögulegrar sektar. Samkvæmt 13. gr. reglnanna verður fyrirtæki, sem óskar eftir lækkun sektar, að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Í kjölfarið óskaði Orkuveitan eftir því að ljúka málinu með sátt. Í sátt Samkeppniseftirlitsins við Orkuveituna, dags. 1. október 2012, féllst Orkuveitan á að greiða stjórnvaldssekt vegna brotsins auk þess að gangast undir skilyrði, sem tiltekin eru í sáttinni. Framangreindar sáttir eru birtar í ákvörðunarorðum.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu tekur mál þetta til brota N1, Sorpu, Metans og Orkuveitu Reykjavíkur vegna lóðréttis samráðs um ákvörðun grunnverðs og smásöluverðs metans á útsölustöðum N1 (áður Olúfélagsins hf.). Fólst brotið í verðsamráði félaganna á grundvelli samnings frá 23. febrúar 2007 vegna samstarfs um framleiðslu, flutning, dreifingu, sölu og markaðssetningu á metani.

Áður er rakið að N1, Orkuveitan og Metan höfðu óskað eftir niðurfellingu eða lækkun sektar á grundvelli reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 890/2005. Samkvæmt þeim mun eftirlitið fella niður sektir eða lækka þær að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Til þess að byggt verði á reglunum við úrlausn mála verða fyrirtæki að óska þess með formlegum hætti. Greint hefur verið frá því að N1 fékk sekt sína fellda niður þar sem skilyrði I. kafla reglnanna voru talin uppfyllt. Við meðferð málsins ákváðu Metan og Sorpa annars vegar og Orkuveitan hins vegar að ljúka sínum þætti í málinu á grundvelli sáttar.

Í I. kafla reglna nr. 890/2005 koma fram þau skilyrði sem fyrirtæki verður að uppfylla til þess að Samkeppniseftirlitið felli niður sekt sem það hefði annars hlotið. Nánar tiltekið verður það að vera fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögmætu samráði á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga eða fyrirtæki er fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. eða 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. gr. reglnanna.

Þannig verður niðurfelling á sekt eingöngu veitt hafi Samkeppniseftirlitið ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að hefja rannsókn á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga, eða til að sanna hið ólögmæta samráð. Þá má ekkert fyrirtæki hafa hlotið niðurfellingu á sektum þegar sönnunargögn eru lögð fram, sbr. 2. gr. reglnanna. Þar að auki verður fyrirtæki að sýna fullan samstarfsvilja á meðan rannsókn málsins stendur og láta Samkeppniseftirlitinu í té öll sönnunargögn og allar upplýsingar sem það býr yfir í tengslum við meint samkeppnislaga brot á meðan á rannsókn málsins stendur. Fyrirtæki verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta samkeppnislaga broti eigi síðar en þegar það kemur upp um hið ólögmæta samráð og má ekki hafa þvingað önnur fyrirtæki til þátttöku í hinu ólögmæta samráði, líkt og rakið er í 3. gr. reglnanna. Uppfylli fyrirtæki þessi skilyrði skal fyrirtækið án tafar láta Samkeppniseftirlitinu í té öll sönnunargögn sem fyrirtækið býr yfir og varða meint ólögmætt samráð eða byrja á því að kynna fyrir



eftirlitinu upplýsingar um sönnunargögnin sem fyrirtækið hyggst leggja fram síðar, á tilteknum degi.

Í II. kafla reglnanna er kveðið á um þau skilyrði sem fyrirtæki verða að uppfylla til þess að fá fjárhæð sektar lækkaða. Eitt helsta skilyrðið kemur fram í 13. gr. reglnanna, en samkvæmt ákvæðinu verður fyrirtæki að láta eftirlitinu í té sönnunargögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta ólögmeta samráði.

Eins og áður segir var máli þessu lokið með sátt gagnvart öllum aðilum. Samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga, sbr. lög nr. 52/2007, segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt. Um þetta má einnig vísa til 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fellst á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Sáttir Samkeppniseftirlitsins og framangreindra fyrirtækja hafa leitt til þess að rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum þeirra á samkeppnislögum er lokið með þeim hætti sem rakið er í þessari ákvörðun.

1. Skilgreining markaða og staða aðila

Mál þetta varðar lóðrétt verðsamráð fyrirtækja sem starfa við framleiðslu, heildsölu, dreifingu og smásölu á metangasi. Færa má fyrir því rök að verkaskipting í starfsemi félaga endurspegli þá markaði sem þau starfi á. Þannig er vöruframleiðsla sérstakur markaður og hið sama gildir t.d. um smásölu.

Eins og fram kemur í úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2001, *Ágæti hf., Mata ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna svf. gegn samkeppnisráði* ráðast skilyrði fyrir því að beita 10. gr. samkeppnislaga vegna t.d. verðsamráðs eða markaðsskiptingar ekki að öllu leyti af stöðu fyrirtækja á viðkomandi markaði. Er því almennt séð umtalsverður munur á þýðingu markaðsskilgreiningar eftir því hvort um er að ræða mál sem varða brot á annars vegar 11. gr. samkeppnislaga og hins vegar 10. gr. eða 12. gr. laganna.¹ Athugun á markaðnum getur hins vegar skipt máli, t.a.m. hvort

¹ Sjá t.d. dóm undirréttar EB frá 17. desember 2009 í máli nr. T-57/01, *Solvay v. Commission*: „[...] it must be borne in mind that the approach to defining the market differs according to whether Article 81 EC or Article 82 EC is to be applied. For the purposes of Article 82 EC, the proper definition of the relevant market is a necessary precondition for any judgment as to allegedly anti-competitive behaviour, since, before an abuse of a dominant position is ascertained, it is necessary to establish the existence of a dominant position on a given market, which presupposes that such a market has already been defined. On the other hand, for the purposes of applying Article 81 EC, the reason for defining the relevant market, if at all, is to determine whether the agreement, the decision by an association of undertakings or the concerted practice at issue is liable to affect trade between Member States and has as its object or effect the prevention, restriction, or distortion of competition within the common market [...]”.



minniháttarregla 13. gr. samkeppnislaga eigi við og við mat á alvarleika brotsins við ákvörðun stjórnvaldssekta.

Hagfræðirök leiða til þess að horfa verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- og þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Samkeppnisyfirvöld hafa ekki áður fjallað um framleiðslu, heildsölu, dreifingu og smásölu á metangasi. Eins og áður segir er ekki nauðsynlegt í málum af þessu tagi að skilgreina markaði málsins með ítarlegum hætti. Að mati eftirlitsins standa hins vegar rök til þess að um sérmarkað sé að ræða. Má m.a. vísa til þess að framleiðsla metans er gjörólík framleiðslu annars eldsneytis. Þá var löggjöf um skattlagningu ökutækja og eldsneytis nýverið breytt í þá veru að ökutæki sem geta nýtt metan bera engin vörugjöld og eldsneytið sjálft ber engin önnur vörugjöld en virðisaukaskatt. Meðal annars með hliðsjón af því er töluverður verðmunur á metangasi og öðru eldsneyti. Þá krefst nýting metangass sérbúinna bifreiða, en hægt er að breyta hefðbundnum bifreiðum með þó nokkrum tilkostnaði eða kaupa bifreið sem er sérstaklega til þess búin. Metangasið er auk þess mest afgreitt sem lofttegund og er talinn umhverfisvænni kostur heldur en hefðbundið bifreiðaeldsneyti.

Að svo stöddu er Sorpa eina fyrirtækið sem framleiðir metangas til áfyllingar á bifreiðar. Framboð metangass er þannig takmarkað við það magn sem Sorpa framleiðir og hefur því verið haldið fram að framleiðslugeta hreinsistöðvarinnar verði fullnýtt í árslok.² Sorpa hefur hins vegar ráðgert að byggja gasgerðarstöð sem framleiðir metan óðum úr þeim lífræna úrgangi sem þangað berst, en við það er áætlað að framleiðslan þrefaldist.³ Þá hefur komið fram í fjölmiðlum að fleiri aðilar hyggist hefja framleiðslu metans í náinni framtíð, líkt og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki framhjá því litið að heildarbílafloti landsmanna telur rúmlega 240.000 bifreiðar, en af þeim eru einungis um 1.200 knúnar metangasi eða um 0,5% þeirra, samkvæmt því sem fram hefur komið í fjölmiðlum.⁴ Er því ljóst að lítill hluti landsmanna ekur um á slíkum bifreiðum og er útbreiðslan að öllum líkindum takmörkuð við höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi sveitarfélög.

Landfræðilegi markaðurinn í máli þessu telst vera höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi sveitarfélög. Helgast sú niðurstaða fyrst og fremst af þeirri ástæðu að metangas, til afgangi á bifreiðar, er eins og áður segir einvörðungu framleitt í sérstakri hreinsistöð Sorpu á Álfsnesi. Vegna staðsetningar hreinsistöðvar Sorpu er nærtækast að nýta það á höfuðborgarsvæðinu, enda er metangas, þegar ákvörðun þessi er rituð, eingöngu selt í smásölu á stöðvum N1 í Ártúnsbrekku og á Tinhellu í Hafnarfirði. Hins vegar er vel mögulegt að framleiða metangas um allt land eða flytja metan til annarra landshluta í tönkum, en samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins yrði það afar kostnaðarsamt.

² Sjá t.d. frétt þann 15. maí 2012 á www.mbl.is:

www.mbl.is/frettir/innlent/2012/05/15/ovissa_um_framleidslu_metans/.

³ Sjá <http://metanorka.is/2012/11/mikilvaegur-afangi/>, heimsótt þann 22. nóvember 2012.

⁴ Sjá t.d. frétt þann 25. júlí 2012 á

www.mbl.is/frettir/innlent/2012/07/25/metanbilar_0_5_prosent_af_heildarbilaflotanum/.



Þegar þetta er ritað eru uppi áætlanir að framleiða metangas á Norðurlandi og í Hvalfjarðarsveit á næstu misserum, en með hliðsjón af framangreindu verður að teljast ólíklegt að sú framleiðsla anni eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í fréttum stendur til að Ólíuverzlun Íslands hf. muni hefja sölu á metangasi á höfuðborgarsvæðinu fljótlega.

Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið er það mat Samkeppniseftirlitsins að þeir markaðir sem fyrirtækin starfa á og varða mál þetta séu eftirfarandi:

- Markaður fyrir framleiðslu á metangasi.
- Markaður fyrir heildsölu á metangasi.
- Markaður fyrir dreifingu á metangasi.
- Markaður fyrir smásölu á metangasi.

Þar sem aðilar málsins eru einu fyrirtækin sem starfa í dag á umræddum mörkuðum er ljóst að brot þeirra geta ekki fallið undir svonefnda minniháttarreglu 13. gr. samkeppnislaga. Kveður hún enda á um að lóðréttir samningar milli fyrirtækja falli ekki undir bann 10. gr. laganna fari markaðshlutdeild þeirra ekki yfir 10% viðmiðunarmörk.

2. Um 10. gr. samkeppnislaga

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að allir samningar og samþykktir á milli fyrirtækja sem hafi það að markmiði eða af þeim leiði að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Í 2. mgr. segir:

„Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykktar og samstilltra aðgerða sem:

- a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,*
- b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,*
- c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,*
- d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,*
- e. setja sem viðbótarskilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“*

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga fjallar bæði um samninga milli fyrirtækja sem starfa á sama sölustigi (láréttir samningar) og samninga á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi sölustigum (lóðréttir samningar).

Samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Samningur skv. 10. gr. getur þannig verið óundirritaður eða undirritaður, munnlegur eða skriflegur



og þarf ekki að vera bindandi. Hugtakið samningur í skilningi 10. gr. getur þannig tekið til ófullkomins eða lauslegs sameiginlegs skilnings aðila og skilyrtra og afmarkaðra samninga sem í samningaferli leiða til endanlegs samnings.⁵ Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hugtakið samningur í skilningi samkeppnisréttarins hefur ekki sömu merkingu og hugtakið samningur samkvæmt samningarétti. Tilvist samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni.

Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins hvers konar lauslegt samráð milli fyrirtækja, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum. Fyrirtæki gerast sek um samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ef þau á fundi, í símtali, í bréfi, í tölvupósti eða með öðrum hætti eiga viðræður eða skiptast á eða taka við upplýsingum um atriði sem hafa þýðingu fyrir verðákvörðun, skiptingu markaða eða önnur atriði sem falla undir ákvæðið.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð. Þetta orðalag felur í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að t.d. keppinautar hafa með sér einhvers konar samvinnu um verð, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Ef samráð hefur ekki að markmiði að raska samkeppni verður að taka til athugunar hvort það geti haft slík áhrif, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2008, *Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Jafnframt ber að hafa í huga að hugtakið markmið í 10. gr. samkeppnislaga vísar ekki til huglægrar afstöðu þeirra sem standa að tilteknu samráði, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004. Markmið, t.d. samnings, í skilningi samkeppnisréttarins er þess í stað fundið með því að leggja hlutlægt mat á efni og eðli viðkomandi ráðstafana, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2009, *Bændasamtök Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 10. gr. samkeppnislaga gerir ekki þá kröfu að sýnt sé fram á ásetning til þess að raska samkeppni og ákvæðið bannar því samráð alveg án tillits til þess hvaða orsakir eða tilgangur kunni að liggja því til grundvallar.

2.1 Lóðréttir samningar

Lóðréttir samningar hafa verið skilgreindir sem samningar á milli fyrirtækja sem annast ekki sambærileg verkefni í framleiðslu og sölufarli vara og/eða þjónustu. Til þess að samningar milli fyrirtækja séu taldir lóðréttir samningar verða fyrirtækin því að starfa á mismunandi sölustigum. Almennt verður að líta svo á að samningar milli framleiðanda, heildsala, dreifingaraðila og smásala á tiltekinni vöru, s.s. metangasi, teljist vera lóðréttir samningar í skilningi samkeppnislaga.

⁵ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 1. október 2008 í máli nr. COMP/39.181 – *Candle Waxes*.



2.1.1 Lóðrétt verðsamráð

Lóðrétt verðsamráð⁶ á sér stað þegar aðilar á mismunandi sölu- eða framleiðslustigi, t.d. framleiðandi og endurseljandi, taka sig saman um að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, t.a.m. með því að semja um endursöluverð á vöru til neytenda. Frumkvæði að slíku lóðréttu verðsamráði getur hvort heldur sem er komið frá framleiðanda eða endursöluaðila. Lóðrétt verðsamráð getur leitt af sér takmörkun á samkeppni milli endursöluaðila eða útilokun á að nýir endursöluaðilar komist inn á markað.

Fyrir liggur að lóðrétt verðsamráð telst alvarlegt brot á samkeppnisreglum. Í frumvarpi, sem varð að lögum nr. 107/2000 og breyttu þágildandi samkeppnislögum, segir svo um a-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga:

„[...] ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um aðgerðir sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör. Slíkt samstarf, sem fjallað er um í þessum staflið, getur komið í veg fyrir verðsamkeppni eða takmarkað hana verulega. Getur verið um að ræða t.d. samstarf um verð, afslætti eða álagningu milli tveggja eða fleiri framleiðenda, milli framleiðenda og dreifingaraðila eða á milli dreifingaraðila og smásala, t.d. um verð í endursölu.“

Telst lóðrétt verðsamráð hafa að markmiði að raska samkeppni og er því ekki nauðsynlegt að sýna fram á skaðleg áhrif þess í einstökum málum.⁷ Er því 10. gr. samkeppnislaga brotin við það eitt að fyrirtæki á mismunandi sölustigi grípi til þeirra aðgerða sem felast í lóðréttu verðsamráði.

Í lóðréttu verðsamráði geta falist aðgerðir sem hafa það að markmiði, beint eða óbeint, að endurseljandinn selji vöru á fyrirfram ákveðnu föstu verði eða lágmarksverði eða fyrirfram ákveðnu verðbili. Getur þetta t.d. fallið hér undir:

- Samráð um tiltekið endursöluverð.
- Samráð um lágmarks endursöluverð.
- Samráð um takmörkun á afslætti.
- Samráð um að afsláttur sé háður því að vara sé seld á ákveðnu verðbili.
- Samráð um að tengja endursöluverð við söluverð keppinauta.
- Samráð um álagningu eða framlegð endurseljandans.
- Samráð um álagningu eða framlegð framleiðandans/heildsalans.

⁶ Nefnt á ensku „vertical price fixing“ eða „Resale price maintenance (RPM)“.

⁷ Sjá t.d. Richard Whish, Competition Law, 7. útgáfa 2012, bls. 122, „Price fixing is specifically cited as an example of an anti-competitive agreement in Article 101(1)(a) of the Treaty, and it is unsurprising that it is characterised as having its object the restriction of competition, whether horizontal or vertical.“ Sjá einnig The pros and cons of vertical restraint, Konkurrenceverket, 2008, bls. 179: „Article 81(1) has always been interpreted as automatically prohibiting the fixing of resale prices by agreement between a supplier and its purchaser. The ECJ has affirmed that RPM has the object of restricting competition, and therefore proof of the fact of RPM necessarily implies an infringement of Article 81(1); while exemption under Article 81(3) is theoretically possible, it has never actually been granted, and fines are considered appropriate for RPM infringements.“



3. Brotin

Samningur N1, Sorpu, Metans og Orkuveitu Reykjavíkur vegna samstarfs um framleiðslu, flutning, dreifingu, sölu og markaðssetningu á metani er frá 23. febrúar 2007. Er þar m.a. kveðið á um hvert smásöluverð metans skyldi vera, grunnverð þess og hvernig ákvörðun smásöluverðs yrði tekin. Samkvæmt samningnum voru hlutverk hvers samningsaðila skilgreind þannig að Sorpa teldist framleiðandi metangass, Metan sæi um heildsölu, þróun og umsjón, Orkuveita Reykjavíkur væri flutningsaðili og Olúfélagið (OF), nú N1, sæi um smásölu.

Í 9. gr. samningsins segir m.a.:

„[...] Smásöluverð metans (jafngildisverð) skal miðast við að verðið sé samkeppnishæft við 95 oktan bensín eins og það er ódýrast á sölustöðvum OF á höfuðborgarsvæðinu á hverjum tíma.“

Samningurinn kveður einnig á um svokallað grunnverð metans og var þar jafnframt birt tafla um skiptingu söluverðs milli aðilanna, sbr. 10. gr. samningsins.

Þá segir í ákvæði 11. gr. samningsins:

„OF ákvarðar smásöluverð metans á hverjum tíma í samráði við aðra aðila þessa samnings, en miða skal við að verðið sé sem stöðugast. Þó getur smásöluverð ekki orðið lægra en grunnverð, sbr. gr. 10, nema allir samningsaðilar samþykki slíkt. Verð til annarra samningsaðila þessa samnings breytist þá hlutfallslega í samræmi við töflu í 10. gr. þessa samnings.“

Af þessum ákvæðum samningsins er að ljóst að aðilar höfðu með sér lóðrétt samráð um tiltekið endursöluverð á metani og hvert lágmarks smásöluverð metans skyldi vera sem fól í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga.

4. Viðurlög

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti m.a. gegn bannreglum samkeppnislaga nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. laganna er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Í 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber skv. 1. mgr. 37. gr. laganna m.a. að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamla og hvað þær hafa staðið lengi. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002, *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði*, segir að hér sé ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem horfa má til við álagningu sekta. Hefur áfrýjunarnefndin talið að það megi einnig líta t.d. til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda,



hagnaðarsjónarmiða og eldri brota á samkeppnislögum, sbr. einnig t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga er heimilt að ljúka málum með sátt ef fyrirtæki hafa gerst brotleg við ákvæði laganna. Sátt hefur jafnan þau áhrif að mál taka skemmri tíma og er því fyrr gripið til ráðstafana sem ætlað er að efla samkeppni. Sá samstarfsvilji sem felst í því að fyrirtæki gerir sátt leiðir til lægri sekta en ella, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga* og ákvörðun nr. 33/2010, *Samkeppnishömlur Haga, Kjarnafæðis, Kjötbankans, Kjötafurðastöðvar KS, Norðlenska, Reykjagarðs og Sláturfélags Suðurlands í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum*.

Hér á eftir verður nánar greint frá viðurlögum fyrirtækjanna. Rétt er að taka fram að öll hafa þau lagt áherslu á að ekki hafi verið um ásetning að ræða til þess að raska samkeppni og að við mat á eðli málsins verði að horfa til þess að um sé að ræða frumkvöðlastarf um umhverfisvænan orkugjafa, sem líklega hefði hlotið undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Þá hafi aðilar haft frumkvæði að því að upplýsa um málið og þegar gripið til ýmissa aðgerða til þess að breyta fyrirkomulaginu á markaðnum til hins betra. Markaður málsins sé ennfremur afar lítill, en sala metans á árinu 2011 hafi t.d. einungis verið um 0,4% af heildarsölu eldsneytis í magni. Aðilar töldu einnig að líta ætti til þess að engin leynd hefði ríkt um starfsemi Metans.

Samkeppniseftirlitið getur fallist á það með aðilum málsins að ekki hafi verið fyrir hendi ásetningur til þess að raska samkeppni almenningi til tjóns. Þá skiptir máli að markaður málsins er afar lítill og að í upphafi var um að ræða tilraunastarfsemi eða frumkvöðlastarf í því skyni að bjóða neytendum upp umhverfisvænna eldsneyti. Við mat á sektum hafði Samkeppniseftirlitið hliðsjón af framangreindum atriðum auk þess í hvaða röð fyrirtækin nálgðust Samkeppniseftirlitið við að upplýsa brotið. Tekið var tillit til samstarfsvilja þeirra í þeim efnum ásamt vilja til að gera breytingar í starfsemi sinni til frambúðar til að koma í veg fyrir að sambærileg brot á samkeppnislögum endurtaki sig. Einnig var höfð hliðsjón af upplýsingum, eftir því sem við átti, um fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og stöðu þeirra á markaðnum.

Þrátt fyrir framangreind mildandi sjónarmið liggur fyrir að umræddur samningur var ólögmaður og var samkvæmt efni sínu til þess fallinn að hindra mögulega samkeppni. Gat samningurinn því hugsanlega staðið frekari þróun þessa orkugjafa fyrir þrifum. Var samningsaðilum og í lófa lagið að leita undanþágu vegna samningsins skv. 15. gr. samkeppnislaga, en gerðu ekki. Brotið er því ekki það óverulegt eða sérstakt að það kalli ekki á sektir í því skyni að stuðla að nauðsynlegum varnaðaráhrifum.

4.1 Þáttur N1

Fyrir liggur að N1 braut gegn 10. gr. samkeppnislaga. Fyrirtækið uppfyllir hins vegar skilyrði I. kafla reglna nr. 890/2005 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta. Ljóst er að aðstoð N1 í þessu máli er mikilsverð og leiddi til þess að gerðar hafa verið fyrir enn ella



mjög jákvæðar breytingar á mörkuðum sem tengjast sölu á metangasi. Þar sem N1 uppfyllir skilyrði reglna nr. 890/2005 verður ekki lögð sekt á fyrirtækið.

4.2 Viðurlög Sorpu og Metan

Viðurkennt er í málinu að Sorpa og Metan brutu gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í sátt sinni við Samkeppniseftirlitið fallast félögin á að greiða samtals 5 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Sektin er lögð í einu lagi á fyrirtækin þar sem þau eru hluti af sömu efnahagslegu einingu. Með sáttinni gangast aðilar undir skilyrði í því skyni að stuðla að og tryggja virka samkeppni á umræddum mörkuðum.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til aðdraganda og tilgangs samstarfssamningsins frá 23. febrúar 2007, sbr. umfjöllun hér að framan. Er ljóst að um frumkvöðlastarf var að ræða, sem grundvallaðist á skyldu Sorpu til þess að safna hauggasi á urðunarstað fyrirtækisins í Álfsnesi. Þá var markmiðið með stofnun Metans fyrst og síðast að stuðla að nýtingu hauggass og þróun á metani sem umhverfisvæns orkugjafa. Einnig var litið til frumkvæðis aðila til þess að upplýsa málið og samstarfsvilja þeirra.

4.3 Viðurlög Orkuveitu Reykjavíkur

Fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur braut gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður er rakið var gerð sátt um málið við Samkeppniseftirlitið. Með sáttinni viðurkenndi félagið að hafa brotið gegn samkeppnislögum og féllst annars vegar á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 4 milljónir krónur og hins vegar á að sæta skilyrðum sem varða hegðun félagsins á markaði.

Við mat á því hversu háa sekt Orkuveitan skyldi greiða var litið til sambærilegra sjónarmiða og áður hafa verið rakin.

5. **Fyrirmæli**

Í 16. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr. laganna. Kemur fram að aðgerðir eftirlitsins geti falið í sér „*hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot [...] sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.*“ Eins og nánar er rakið hafa Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur fallist á að hlíta tilteknum fyrirmælum sem ætlað er að stuðla að virkri samkeppni og vinna gegn frekari brotum á samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að sá samningur sem hér um ræðir á m.a. rót sína að rekja til skyldu Sorpu samkvæmt starfsleyfi þess til að safna hauggasi á urðunarstað fyrirtækisins í Álfsnesi. Samkvæmt upplýsingum frá aðilum málsins hafði verið leitað til fjölmargra aðila um aðkomu að verkefninu, en að lokum hafi verið ljóst að aðeins Olíufélagið (nú N1) hafi haft áhuga á að taka þátt í verkefninu, með þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hafi verið því samfara. Þróunarverkefnið hafi farið hægt af stað og sala á metani hafi verið hverfandi fyrstu árin. Þegar aukning hafi orðið í eftirspurn eftir metani var ljóst að ráðast þyrfti í verulegar fjárfestingar. Úr varð að eigendur félagsins stóðu



sjálfir að þeim og gerðu með sér þann samning, sem til umfjöllunar er í máli þessu. Af því er ljóst að til þess að af verkefninu gæti orðið og markaður mögulega myndast þurfti að kosta til verulegum fjármunum. Markaður fyrir metan er enn afar lítill en ljóst er að eftirspurn hefur vaxið umtalsvert síðustu ár.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan fela brot aðila í máli þessu í sér lóðrétt verðsamráð við sölu á metangasi á útsölustöðum N1. Samkvæmt samningnum sammæltust fyrirtækin um hvert smásöluverð metangass skyldi vera. Þeim skilyrðum sem Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur gengust undir verður nú lýst nánar. Eiga þau öll það sammerkt að þeim er ætlað að efla virka samkeppni og koma í veg fyrir að sams konar brot verði framið á ný. Skilyrðin koma fram í ákvörðunarorðum hér á eftir.

Ljóst er að skilyrðin eru til þess fallin að örva samkeppni á þessu sviði og þar með hugsanlega flýta frekari þróun á framboði þessa orkugjafa. Í fjölmiðlum hefur verið greint frá því að samkeppni sé nú komin í smásölu á metangasi, en eins og áður hefur komið fram hyggst Olíuverzlun Íslands hf. opna nýja afgreiðslustöð fyrir metangas í Reykjavík. Hefur félagið gert samning við Metanorku ehf. um kaup á afgreiðslustöð fyrir gasið, sem Metanorka mun afhenda í gámum á afgreiðslustað. Metanorka kaupir gasið af Sorpu, sem í sumar samdi einnig við Olís um sölu á gasi.⁸

5.1 Skilyrði Sorpu og Metan

Samkvæmt fyrirmælum þeim sem Sorpa og Metan hafa fallist á að hlíta munu félögin skilgreina sig sem framleiðanda á metani og annast eingöngu heildsölu á þeirri framleiðslu. Hvorugt félagið mun bjóða upp á dreifingu og smásölu á metani.

Félögin skuldbinda sig einnig til þess að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi eða skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi þeirra á framleiðsluhlið markaðarins.

Auk þess skuldbindur Sorpa sig til að ganga frá sölusamningum á heildsölustigi á því metani sem framboð er af á hverjum tíma, en til að tryggja gagnsæi og að jafnræðis sé gætt skulu slíkir sölusamningar gerðir á grundvelli útboðs, sem fram fari eigi síðar en í janúar 2013 og á þriggja til fimm ára fresti eftir það. Við framkvæmd útboðs skal Sorpa einnig kappkosta að bjóða metan til fleiri en eins aðila í senn með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni og á grundvelli viðskiptalegra forsendna. Að lokum skal heildsala á metani vera sjálfstæð uppgjörseining og sérstaklega aðgreind í bókhaldi Sorpu.

5.2 Skilyrði Orkuveitu Reykjavíkur

Samkvæmt þeim fyrirmælum sem Orkuveita Reykjavíkur hefur fallist á að hlíta skal Orkuveitan skilgreina sig sem flutningsaðila á metani og þannig koma hvorki að framleiðslu, markaðssetningu, heildsölu né smásölu á metani.

⁸ Sjá frétt á www.visir.is þann 29. október 2012: www.visir.is/olis-komid-i-samkeppni-vid-n1-i-solu-a-metangasi/article/2012710299944.



Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig einnig til að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi eða afskipti af skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi Orkuveitunnar sem flutningsaðila á metani.

Orkuveita Reykjavíkur mun ganga frá samningum um flutning á metani í samræmi við flutningsgetu lagnarinnar og óskir viðsemjenda á hverjum tíma. Með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni, skal Orkuveitan kappkosta að bjóða flutning metans til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna. Þá skuldbindur Orkuveitan sig til að synja engum sem uppfyllir hlutlæg skilyrði, þ.m.t. um flutningsgetu lagnar og um aðgang að metanflutningskerfi sínu. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við lögnina skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.

Með gerð þessara sáttta er málinu að fullu lokið varðandi framangreind brot gagnvart N1, Sorpu, Metan og Orkuveitu Reykjavíkur.



III.

Ákvörðunarorð:

1. gr.

„Með sátt, dags. 29. maí 2012, er gengist við því að N1 hf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Vegna frumkvæðis N1 hf. við að upplýsa um samráðið og með hliðsjón af samstarfi félagsins við Samkeppniseftirlitið á meðan rannsókn málsins stóð fellur sekt N1 hf. niður, sbr. 1. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmet samráð fyrirtækja.

2. gr.

Með sátt, dags. 3. maí 2012, er gengist við því að SORPA bs. og Metan hf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 5 milljón krónur (fimm milljón krónur). Sorpa og Metan bera óskipta ábyrgð á sektarfjárhæðinni. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Sorpa og Metan starfa á fallast þau á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

1. Félögin skilgreini sig sem framleiðanda á metani og annist eingöngu heildsölu á þeirri framleiðslu. Þannig bjóði hvorugt félagið upp á dreifingu og smásölu á metani.
2. Félögin skuldbinda sig til að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi. Félögin skuldbinda sig jafnframt til að hafa engin afskipti af skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi þeirra á framleiðsluhlið markaðarins.
3. Sorpa mun ganga frá sölusamningum á heildsölustigi á því metani sem framboð er af á hverjum tíma. Til að tryggja gagnsæi og að jafnræðis sé gætt skulu slíkir sölusamningar gerðir á grundvelli útboðs, sem fram fari eigi síðar en í janúar 2013 og á þriggja til fimm ára fresti eftir það. Með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni, skal Sorpa við framkvæmd útboðs kappkosta að bjóða metan til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna.

Þá skal heildsala á metani vera sjálfstæð uppgjörseining og sérstaklega aðgreind í bókhaldi Sorpu.

Fyrir 1. apríl 2013 skulu Sorpa og Metan upplýsa Samkeppniseftirlitið um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar sáttar.

Komi sannanlega upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gera félögunum ómögulegt að framkvæma þau skilyrði sem fram koma í 3. tölul. geta þau óskað



eftir því við Samkeppniseftirlitið að þau verði endurskoðuð. Skal slík ósk vera skrifleg og ítarlega rökstudd.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Sorpu og Metan.

3. gr.

Með sátt, dags. 1. október 2012, er gengist við því að Orkuveita Reykjavíkur hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 4 milljón krónur (fjórar milljón krónur). Til að stuðla að virkri samkeppni fellst Orkuveita Reykjavíkur á að hlíta eftirfarandi fyrirmælum:

- 1. Orkuveita Reykjavíkur skilgreini sig sem flutningsaðila á metani og komi þannig hvorki að framleiðslu, markaðssetningu, heildsölu né smásölu á metani.**
- 2. Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig til að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi. Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig jafnframt til að hafa engin afskipti af skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi Orkuveitunnar sem flutningsaðila á metani.**
- 3. Orkuveita Reykjavíkur mun ganga frá samningum um flutning á metani í samræmi við flutningsgetu lagnarinnar og óskir viðsemjenda á hverjum tíma. Með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni, skal Orkuveitan kappkosta að bjóða flutning metans til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna og skuldbindur sig til að synja engum sem uppfyllir hlutlæg skilyrði, þ.m.t. um flutningsgetu lagnar og um aðgang að metanflutningskerfi sínu. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við lögnina skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.**

Fyrir 1. apríl 2013 skal Orkuveita Reykjavíkur upplýsa Samkeppniseftirlitið um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar sáttar.

Komi sannanlega upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gera Orkuveitunni ómögulegt að framkvæma þau skilyrði sem fram koma í 3. tölul. getur Orkuveitan óskað eftir því við Samkeppniseftirlitið að þau verði endurskoðuð. Skal slík ósk vera skrifleg og ítarlega rökstudd.



Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, réttindum eða skyldum Orkuveitu Reykjavíkur.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson